

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

825. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 17. mars 2014 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við sviðsstjóra fjölskyldusviðs.
2. Atvinnu- og nýsköpunarsjóður Húnaþings vestra. Katrín María Andrésdóttir.
3. Aðalfundarboð Veiðifélags Víðidalsár.
4. Erindi Veiðifélags Miðfirðinga.
5. Álit Bændasamtaka Íslands v/ kostnaðar við girðingar milli Engjabrekku og Þorgrímsstaða.
6. Ársskýrsla Brunavarna Húnaþings vestra 2013.
7. Bréf Elísabetar Halldórsdóttur.

Afgreiðslur:

1. Esther Hermannsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs er mætt til fundar við byggðarráð. Farið yfir undirbúning að gerð viðhorfskönnunar meðal foreldra leikskólabarna vegna heimsóknna fulltrúa trúar- og lífskoðunarfélaga á Leikskólann Ásgarð.
2. Katrín María Andrésdóttir, framkvæmdastjóri SSNV er mætt til fundarins. Katrín María kynnti drög að úthlutunarreglum og eyðiblaði styrkumsóknna úr atvinnu- og nýsköpunarsjóði Húnaþings vestra. Samþykkt að fela sveitarstjóra og Katrínu Maríu að vinna frekar að málinu og leggja ítarlegri gögn fyrir byggðarráð hið fyrsta.
3. Fram lagt aðalfundarboð Veiðifélags Víðidalsár en fundurinn verður haldinn í Tjarnarbrekku laugardaginn 22. mars nk. kl. 13:30. Sveitarstjóri verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum og oddviti til vara.
4. Fram lagt erindi Veiðifélags Miðfirðinga þar sem óskað er eftir uppsetningu tveggja ljósastaura við veiðihús félagsins, Laxahvamm. Byggðarráð hafnar erindinu.
5. Fram lagt álit lögmanns Bændasamtaka Íslands vegna viðhalds girðinga á merkjum Engjabrekku og Þorgrímsstaða. Afgreiðslu vísað til sveitarstjórnar.
6. Fram lögð til kynningar Ársskýrsla Brunavarna Húnaþings vestra fyrir árið 2013.
7. Bréf Elísabetar Halldórsdóttur lagt fram en þar óskar hún lausnar frá störfum í kjörstjórn sveitarfélagsins af heilsufarsástæðum. Kosningu aðalmanns í kjörstjórn í stað Elísabetar vísað til sveitarstjórnar.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:03

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín R. Líndal.

Stefán Böðvarsson.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúar:

Guðrún Ragnarsdóttir,
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson.